



Skipulagsstofnun

Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6.01.2015  
1411545 RS

**Efni: Framleiðsla á 6800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi á vegum Hraðfrystihússins-Gunnvör hf. - Beiðni um umsögn**

Með bréfi dagsettu þann 17. nóvember 2014 óskaði Skipulagsstofnun eftir því að Samgöngustofa gæfi umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Samgöngustofa telur, á grundvelli starfssviðs stofnunarinnar, að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd í frummatsskýrslunni.

Samgöngustofa vill þó vekja athygli á því að gætt sé að eftirfarandi þáttum við framkvæmdina:

- Þess sé gætt að staðsetning sjókvía valdi ekki truflunum á eðlilegum siglingum um svæðin.
- Merkingar séu fullnægjandi, sbr. t.d. 13. gr. rgl nr. 401/2012 um fiskeldi.
- Framkvæmdaaðili tilkynni Sjósmælingum Íslands um staðsetningu þegar framkvæmdir hefjast.
- Við framkvæmdir sé þess gætt að ekkert sé byggt eða sett upp sem skyggt geti á leiðarmerki frá sjó og að þess sé gætt að ekki séu sett upp ljós eða önnur merki sem villt geta um fyrir sjófarendum

Fyrir hönd Samgöngustofu

Reynir Sigurðsson